



Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til upphafs leikskólagöngu barna

Hrönn Pálmadóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Greinin er byggð á rannsókn sem ætlað er að varpa ljósi á viðhorf og reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda í einum leikskóla í Reykjavík af samstarfi við foreldra- og barnahóp með fjölbreyttan bakgrunn og menningu í upphafi leikskólagöngu. Tímamótin eru kölluð aðlögun og er þar vísað til inntöku nýrra barna í leikskóla. Hugmyndafræðilegur grunnur rannsóknarinnar er að mestu sóttur í smíðju fræðimanna sem hafa rannsakað þau þáttaskil sem verða þegar börn hefja grunnskólagöngu. Margir sömu þættir koma einnig við sögu við upphaf leikskólagöngu. Litið er á börn sem mikils megnug og skapandi og að námsumhverfi og námskrá skuli byggjast á áhuga og aðstæðum barna og taka tillit til þess að þau eru ólík (Educational Transitions and Change Research group, 2011).

Gagna var aflað með eigindlegum rannsóknaraðferðum; einstaklingsviðtölum, rýnihópaviðtölum og vettvangsathugunum á þremur deildum í leikskólanum. Greining gagna fór fram með þemagreiningu, en hún er sveigjanleg aðferð sem notuð er til að skipuleggja og greina gögn (Braun og Clarke, 2013). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að leikskólakennarar lýstu hlutverki sínu í aðlögunarferlinu sem tvíþættu. Annars vegar að koma á og viðhalda tilfinningalegum tengslum við foreldra og börn. Hins vegar að hafa yfirsýn, ýta undir samstarf innan deilda og miðla þekkingu til samstarfsfólksins. Leiðbeinendur ræddu um virka þátttöku í aðlögunarferlinu og í samskiptum og tengslum við foreldra barnanna eftir að formlegri aðlögun lauk. Þátttökuaðlögun var talin reynast vel sem sameiginlegt námsferli foreldra, barna og leikskólastarfsfólks. Fram komu vísbendingar um að foreldrar af erlendum uppruna ættu frekar í erfiðleikum með þátttöku og að börn af erlendum uppruna upplifðu í mörgum tilvikum erfiðari aðlögun en börn íslenskra foreldra. Rannsóknin sýnir að það er fagleg áskorun að þróa starfshætti sem stuðla að því að skapa samfellu í lífi barna með fjölbreyttan bakgrunn og menningu frá upphafi leikskólagöngu.

Efnisorð: Upphaf leikskólagöngu, aðlögun, fjölbreyttur bakgrunnur og menning, samfella, starfshættir

Inngangur

Miklar breytingar hafa átt sér stað í leikskólum hér á landi á undanförunum árum þar sem börn byrja sífellt yngri í leikskóla og samsetning barnahópsins hefur breyst. Árið 2018 voru 48% barna yngri en tveggja ára í leikskólum og um 13% allra barna voru af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, e.d.). Þessar breytingar eru í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum vestrænum ríkjum. Í skýrslu OECD (2017) er bent á að samstarf við foreldra sé mikilvægur gæðaðáttur í leikskólastarfi og helstu áskoranir felist í að mæta aukinni fjölbreytni innan foreldrahópsins. Í aðalnámskrá segir að fyrstu skref barnsins í leikskólanum skuli byggjast á gagnkvæmri miðlun upplýsinga milli foreldra og leikskóla um starfshætti, hugmyndafræði og námskrá leikskólans

auk aðstæðna og reynslu barnsins heima fyrir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Mikilvægur grunnur er því lagður að samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla þegar fjölbreyttur hópur barna hefur leikskólagöngu. Tímamótin eru kölluð aðlögun og er þar vísað til inntöku nýrra barna í leikskóla.

Lög hér á landi kveða ekki á um hvenær börn eigi rétt á að hefja leikskólagöngu (lög um leikskóla nr. 90/2008). Allengi hefur verið rætt um að lengja fæðingar- og foreldraorlof úr níu mánuðum í eitt ár. Í rökstuðningi fyrir því segir að ráðstöfunin sé mikilvæg til að ná velferðar- og menntunarlegum markmiðum samfélagsins auk þess að samræma fjölskyldu og atvinnulíf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015; Velferðarráðuneytið, 2016). Nú hefur verið samþykkt á Alþingi að lengja fæðingar- og foreldraorlof í tólf mánuði og að það komi til framkvæmda árin 2020–2021 (Lög um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum 2019). Það er því ljóst að vilji yfirvalda stendur til þess að opna leikskóla fyrir börn frá eins árs aldri en mælt er með að sveitarfélög byrji í áföngum og hefji inntöku barna um 18 mánaða aldur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Sum sveitarfélög bjóða nú þegar börnum leikskóladvöl frá eins árs aldri.

Mismunandi sjónarhorn og áherslur fræðimanna hafa litað umræðu um hvort og hvenær ákjósanlegt sé að börn byrji leikskólagöngu. Umræðan tengist gjarnan hlutverki foreldra í lífi barna og hvort leikskólinn sé í stakk búinn til að taka á móti ungum börnum (Kihlbom, Lidholt og Niss, 2009; Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Gjarnan er vísað í tengslakenningar (e. attachment theories) þar sem tengsl milli foreldra og barns eru í brennidepli og talið að aðskilnaður snemma á lífsleiðinni geti haft skaðleg áhrif á barnið (Belsky, 2009; Bowlby, 1969). Einnig séu möguleikar í leikskólum til að veita ungum börnum tilfinningalega einstaklingsumhyggju takmarkaðir sökum fjölda barna í hópi, ónógrar menntunar starfsfólks og starfsmannaveltu (Alvestad o.fl., 2013; Dalli, White, Rockel og Duhn, 2011; Løkken, Bjørnstad, Broekhuizen og Moser, 2018; Undheim og Drugli, 2012). Þá sé húsnæði leikskóla ekki hannað með þarfir yngstu barnanna í huga (Bjørnstad og Pramling-Samuelsson, 2012; Jón Torfi Jónasson, 2006). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að leikskólastjórnendur og leikskólakennarar hafa áhyggjur af löngum dvalartíma ungra barna í leikskólum (Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013; Johansen, 2009).

Á hinn bóginn hefur yfirfærsla tengslakenninga á leikskólastarf verið gagnrýnd og því haldið fram að of mikil áhersla sé lögð á tengsl móður og barns og áhrif aðskilnaðar á kvíða barna. Hæfni barna til að eiga í fjölbreyttum tengslum sé þar með útilokuð og ekki sé gert ráð fyrir áhrifum umhverfis á þroska barna (Clare, 2012; Nutbrown og Page, 2008). Enn fremur þurfi að byggja á langtímarannsóknum þegar áhrif leikskóladvalar á börn eru metin. Norrænar rannsóknir á leikskólagöngu eins til fjögurra ára barna sýndu fram á jákvæð áhrif á félagsfærni barna við átta ára aldur (Bohlin, Hagekull og Anderson, 2005). Niðurstöður rannsóknar sem fór fram í Bandaríkjunum (NICHD Early Child Care Research Network, 2003, 2006) og EPPE-rannsóknarinnar í Bretlandi (Sylva, Melhuish, Sammons, Siraj-Blatchford og Taggart, 2011) sýna að þættir eins og fjölskylduadstæður barna og gæði leikskóla, sem felast m.a. í menntun kennara, eru einnig áhrifaríkir í þroska og námi barna.

Vellíðan barna og fjölskyldna þeirra felst í mörgu öðru en að fá úthlutað plássi í leikskóla. Spyrja má hvernig leikskólakennarar upplifa þær margvíslegu áskoranir sem fylgnar eru í aðlögun ungra barna. Markmiðið með greininni er að varpa ljósi á viðhorf og reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda í einum leikskóla í Reykjavík af samstarfi við foreldra- og barnahóp með fjölbreyttan bakgrunn og menningu í upphafi leikskólagöngu.

Fræðilegur bakgrunnur

Hugmyndafræðilegur grunnur rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að mestu sóttur í smiðju fræðimanna sem hafa rannsakað þáttaskilin sem verða þegar börn hefja grunnskólagöngu. Litið

er á börn sem mikils megnug og skapandi og að námsumhverfi og námskrá skuli byggjast á áhuga og aðstæðum barna og taka tillit til þess að þau eru ólík (Dockett og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Dunlop, 2017; Educational Transitions and Change Research Group [ETC], 2011). Þrátt fyrir að rannsóknirnar beinist fyrst og fremst að upphafi grunnskólagöngu má færa rök fyrir því að margir sömu þættir komi einnig við sögu við upphaf leikskólagöngu. Aðlögun í leikskóla felur í sér að barnið er að flytjast úr einu umhverfi í annað, frá heimili eða dagforeldrum á nýjan stað, leikskólann.

Aðlögun

Aðlögun í leikskóla er tímabil breytinga í lífi barns og fjölskyldu þess. Breytingarnar einkennast af flóknunni ferli þar sem hugtökin umbreyting (e. transition) og aðlögun (e. adaptation) eru samtvinnuð (Margetts, 2014). Breytingarnar hafa áhrif á alla sem þær snerta og skipta því samskipti og samstarf milli fjölskyldu og leikskóla höfuðmáli. Drugli og Undheim (2011) benda á að aðlögunarferlið sé samtvinnað námsferli barna, foreldra og leikskólakennara. Aðlögun snýst ekki einungis um að verið er að venja barnið við aðskilnað við foreldra, heldur einnig að það er að kynna nýju umhverfi, eiga samskipti og mynda tengsl við starfsfólk og nýja félagi (Broberg, 2017; Dalli, 2002; Kristín Dýrfjörð, 2009). Ferlið byrjar heima og heldur áfram þar til barnið og fjölskylda þess upplifa sig sem þátttakendur og að þau tilheyri (e. belong) nýja umhverfinu. Því meiri breytingar sem fjölskyldan þarf að takast á við í upphafi leikskólagöngu, þeim mun erfiðari getur umbreytingin orðið (Margetts, 2014).

Viðurkennt er að aðlögun barna í leikskóla þarfnist sérstaks skipulags. Þó mismunandi geti verið á milli leikskóla hvernig skipulagningu aðlögunar er háttað er jafnan gert ráð fyrir að hún taki tíma þar sem þarfir og vellíðan barnsins verði að vera í fyrirrúmi. Rannsóknir sýna að leikskólakennarar leggja áherslu á að skapa traust og styðja foreldra og börn í aðlögunarferlinu (Traum og Moran, 2016; White o.fl., 2020). Í niðurstöðum rannsóknar þar sem gildi, sannfæring og merking sem foreldrar og leikskólakennarar lögðu í aðlögun barna var könnuð kom í ljós að bæði kennarar og foreldrar tóku þátt í að skapa og koma á einstaklingsbundnum leiðum til að auðvelda aðlögun. Báðir hópar upplifðu þó stundum óöryggi og voru áhyggjufullir vegna aðlögunar barnanna (Traum og Moran, 2016).

Til að koma á tengslum og styðja fjölskyldur í aðlögunarferlinu hefur verið farin sú leið í sumum leikskólum að velja lykilpersónu (e. key person) úr starfsmannahópnum til að aðstoða fjölskyldur í ferlinu. Lykilpersónan þróar náin tengsl við ákveðin börn og foreldra og á þannig að öðlast góða yfirsýn yfir þarfir barnanna og nám (Clare, 2012; Nutbrown, 2011). Elfer (2006, 2012) telur að breið samstaða ríki um mikilvægi þess að starf með ungum börnum byggist á tilfinningalegum tengslum og næmi (e. emotional attachment). Á hinn bóginn séu leikskólakennarar ekki sammála um hversu langt eigi að fara í skipulagningu samskipta og að ýta undir tengsl barns við ákveðinn aðila í leikskólanum. Í handbókum Reykjavíkurborgar um samstarf leikskóla við fjölskyldur og um fjölmenningu í leikskóla er lagt til að lykilpersóna úr starfsmannahópnum taki á móti og sinni barni og foreldrum meðan á aðlögun stendur (Reykjavíkurborg, 2010, 2011).

Hér á landi hafa aðallega verið farnar tvær leiðir við skipulagningu aðlögunar í leikskólum. Annars vegar er það aðlögun sem lengist dag frá degi. Hún byggist á að barnið kemur fyrst með foreldrum sínum í stutta heimsókn og næstu daga fara foreldrar í burtu í ákveðinn tíma sem smám saman lengist. Tilgangurinn er að barnið kynni starfsfólki og umhverfi og að traust myndist milli þess og starfsfólks. Foreldrar byrja á að dvelja með barni sínu en sækja það síðan á ýmsum tímum og fá þannig innsýn í daglegt líf í leikskólanum. Mismunandi er hversu langan tíma þessi aðlögun tekur en miðað er við að skipuleggja hana í samstarfi við foreldra og þarfir barnsins (Reykjavíkurborg, 2011). Bent hefur verið á að þetta form aðlögunar byggist á hugmyndum tengslakenninga (t.d. Bowlby, 1969) þar sem tilgangurinn sé fyrst og fremst að venja barnið við aðskilnað við foreldra og láta það takast á við þann kvíða og óöryggi sem fylgir því að yfirgefa þá (Dalli, 2002; Kristín Dýrfjörð, 2009).

Á síðustu árum hefur þátttökuaðlögun rutt sér til rúms í leikskólum. Þar er gert ráð fyrir viðveru og þátttöku foreldra með barninu í leikskólanum fyrstu þrjá daga aðlögunar en á fjórða degi kveðja foreldrar börnin. Þá daga sem foreldrar eru með börnum sínum í leikskólanum taka þeir fullan þátt í starfinu og eru til staðar fyrir börn sín allan tímann. Tilgangurinn er að gefa starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrunum um venjur barnsins og hvað hentar því best (Reykjavíkurborg, 2011). Þetta form aðlögunar tengist hugmyndum bernskurannsókna þar sem litið er á börn sem hæfa og getumikla einstaklinga (Dahlberg og Moss, 2005; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Trewarthen, 2018) sem ásamt foreldrum sínum læri í sameiningu á námsumhverfið í leikskólanum. Þannig skapi reynsla foreldra öryggi sem hafi áhrif á börnin og aðlögun þeirra (Kristín Dýrfjörð, 2009).

Samfella

Samfella (e. continuity) felur í sér að byggt er á reynslu barna á fyrra skólastigi eða á heimili þegar þau hefja leikskólagöngu (Dockett og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Margetts, 2002). Samfella milli heimilis og leikskóla snýst um að byggja á því sem börnin hafa þegar lært og þekkja fyrir þegar þau koma í nýjar aðstæður í leikskólanum. Þannig er gert ráð fyrir hæfni barnsins til að taka þátt og hafa áhrif á umhverfi sitt. Það hvernig staðið er að því að skapa samfellu á milli þessara tveggja heima sem barnið tilheyrir hefur því ekki síður áhrif á aðlögun barnsins en aðskilnaður þess við foreldra (Berns, 2007).

Menningarleg samfella (e. cultural continuity) lýsir hæfni kennara til að hlusta, skilja, virða og byggja á menningarlegum og mállegum hefðum heimila. Menningarleg samfella vísar einnig til ákvarðana sem teknar eru í skólanum og eru í samræmi við fjölmennningarlegt umhverfi barnanna sem skólann sækja (Nieto og Bode, 2010; Souto-Manning, 2013). Menning vísar ekki eingöngu til þjóðernis eða uppruna heldur tengist einnig fjölbreyttum lífsstíl fjölskyldna, fjölskylduskipan, hegðun og uppeldi (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Heimamenning ungra barna getur t.d. verið ólík hvað varðar svefnvenjur, uppeldisaðferðir, nánd og væntingar foreldra til sjálfstæðis barna sinna. Fjölbreyttur barnahópur kallar á að menningar- og félagslegur bakgrunnur allra barna nýtist þeim á vettvangi leikskólans. Zachrisen (2017) bendir á að leikskólakennarar verði að búa yfir menningarlegu næmi og umhyggju (e. culturally sensitive care) og að öll samskipti í leikskóla fari fram í menningar- og félagslegu samhengi. Faglegt sjónarhorn snýst um að taka tillit til þess í samskiptum við fjölskyldur, sem og í skipulagi leikskólastarfs.

Sköpun samfellu í lífi ungra barna í leikskóla felur í sér ólíka fleti samskipta og tengsla milli leikskólakennara, foreldra og barna. Í rannsóknnum þar sem viðhorf leikskólakennara til eigin hlutverks og fagmennsku í samstarfi sínu við foreldra barna hefur verið kannað kemur fram áhersla á að byggja upp og viðhalda tengslum sem einkennast af trausti og tiltrú (Hostettler Schärer, 2018; Vuorinen, Sandberg, Sheridan og Williams, 2014). Leikskólakennararnir í rannsókn Hostettler Schärer (2018) túlkuðu faglegt hlutverk sitt í upphafi leikskólagöngu barna sem tvíþætt. Annars vegar tengdist það samskiptum við börn og foreldra og hins vegar fólst það í skipulagsþáttum, svo sem dagskipulagi og vöktum starfsfólks. Í rannsókn Brooker (2010) kom fram að þrátt fyrir að skýr stefna um samstarf og tengsl við foreldra í upphafi leikskólagöngu hefði verið ákveðin, þá hefði reynst erfitt að byggja upp opinská samskipti milli þeirra og leikskólakennara. Einnig eru vísbendingar í rannsóknnum um að foreldrar af erlendum uppruna upplifi sig jaðarsetta (e. culturally distant) gagnvart ríkjandi menningu leikskóla (Chan og Ritchie, 2016; Hanna Ragnarsdóttir, 2008) og að tungumálið geti hindrað samskipti og þátttöku þeirra í leikskólastarfinu (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013; Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Hedlin, 2017).

Rannsóknarspurningar

Rannsókninni er ætlað að veita innsýn í viðhorf og reynslu leikskólastarfsfólks í einum leikskóla í Reykjavík af upphafi leikskólagöngu og samstarfi við fjölskyldur með fjölbreyttan bakgrunn og

menningu. Jafnframt er ætlunin að skoða hvaða augum starfsfólk lítur á samfellu í lífi barnanna. Með því er reynt að skilja hvaða merking er lögð í þessa þætti starfsins og bæta þannig við þá þekkingu sem fyrir er.

Eftirfarandi rannsóknarspurningum verður svarað í þessari grein:

- Hvaða augum líta leikskólakennarar og leiðbeinendur á aðlögun barna með fjölbreyttan bakgrunn og menningu?
- Hvaða áhersla er lögð á að skapa samfellu í lífi barnanna í leikskólanum?

Rannsóknin

Í rannsóknina var valinn leikskóli þar sem alllög reynsla er af samstarfi við fjölskyldur með fjölbreyttan bakgrunn og menningu. Börn yngri en tveggja ára hófu leikskólagöngu sína á þremur deildum haustið sem rannsóknin hófst. Leikskólakennarar, allt konur, voru í stöðum deildarstjóra. Tveir deildarstjórnar höfðu reynslu af starfi með ungum börnum en einn þeirra hafði starfað meirihluta starfsævinnar með eldri börnum. Auk deildarstjórnara störfuðu tveir til fjórir aðrir starfsmenn á deildunum. Þeir höfðu mislanga reynslu af að vinna með svo ungum börnum, allt frá mörgum árum til þess að þetta var fyrsti veturinn með yngstu börnunum. Á tveimur deildum voru starfsmenn af erlendum uppruna og hafði annar þeirra starfað í leikskóla í nokkur ár. Leikskólastjórinn var með margra ára reynslu sem stjórnandi í leikskóla.

Þegar ný börn byrja í leikskólanum er foreldrum þeirra boðið hverjum um sig á kynningarfundum í leikskólanum. Á fundinum eru leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og foreldrar. Markmið fundarins er að kynnast bakgrunni og högum fjölskyldunnar og reynslu barnsins, t.d. af vistun utan heimilis. Auk þess er leitast eftir að fá fram hvert áhugi barnsins beinist. Leikskólustarfið er einnig kynnt fyrir foreldrum. Á kynningarfundinum fá foreldrar skriflega lýsingu á þátttökuáðlögun. Skipulag áðlögunarinnar byggist á þeim hugmyndum um þátttökuáðlögun sem lýst er í handbók Reykjavíkurborgar (2011). Á kynningarfundinum eru foreldrar beðnir að koma með eða senda í leikskólann nokkrar myndir af fjölskyldumeðlimum og öðru því sem er barninu mikilvægt á heimili þess. Myndirnar eru settar saman í leikskólanum og útbúnar flettibækur sem eru aðgengilegar fyrir börnin á meðan og eftir að formlegu áðlögunarferli lýkur. Tilgangurinn er að tengja heimili og leikskóla og styðja þannig börnin í áðlögunarferlinu.

Gagna í rannsóknina var fyrst og fremst aflað með einstaklings- og rýnihópaviðtölum. Auk þess voru gerðar vettvangsathuganir í leikskólanum. Samtals níu viðtöl voru tekin í rannsókninni. Fimm einstaklingsviðtöl voru tekin við deildarstjóra, leikskólastjóra og starfandi aðstoðarleikskólastjóra. Tvö rýnihópaviðtöl fóru fram, annars vegar við leiðbeinendur og leikskólakennara og hins vegar við deildarstjóra og leikskólakennara sem sinnti stuðningi á einni af deildunum. Vettvangsathuganir voru gerðar í upphafi áðlögunar og einnig eftir að nokkur tími var liðinn frá því að börnin byrjuðu. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu ágúst 2017 til vors 2019.

Viðtöl við tvo deildarstjóra voru tekin áður en börnin byrjuðu í leikskólanum. Seinni viðtölin þrjú við deildarstjórnara fóru fram þegar flest barnanna höfðu verið í tvo til þrjú mánuði í leikskólanum. Þá voru viðtöl einnig tekin við leikskólastjóra og starfandi aðstoðarleikskólastjóra. Viðtölin voru hálfopin og viðtalsrammi hafður til hliðsjónar, en hann gaf viðmælendum kost á að koma inn á efni sem ekki var í viðtalsrammanum (Kvale og Brinkmann, 2009). Rýnihópaviðtal var tekið í byrjun árs 2018 við þrjú leiðbeinendur sem störfuðu á deildunum og leikskólakennara sem sinnti stuðningi á einni deildinni. Á vormánuðum 2019 var tekið rýnihópaviðtal við deildarstjóra einnar deildarinnar og leikskólakennara sem sinnti stuðningi við barn viðkomandi deildar. Í rýnihópaviðtölum er ekki gert ráð fyrir að fólk sé sammála en að samskipti innan hópsins hafi áhrif á hugsanir og hugmyndir þátttakenda (Lichtman, 2013; Litoselliti, 2003). Vettvangsathuganir voru gerðar í leikskólanum í upphafi áðlögunar og sjónum einkum beint að

samskiptum foreldra, barna og starfsmanna. Athuganir voru einnig gerðar þegar nokkur tími var liðinn frá því að börnin byrjuðu. Vettvangsathuganirnar voru skráðar niður eftir að heimsókn lauk.

Siðferði í rannsóknum er mikilvægur hluti aðferðafræðinnar. Siðferði fjallar oftast um hvaða hegðun og hugarfar fólks eigi að ríkja í rannsóknum (Sigurður Kristinsson, 2013). Lögð er áhersla á að þátttakendur gefi upplýst og óþvingað samþykki fyrir þátttöku í rannsókn. Einnig að þátttakendur sé heitið fullum trúnaði og tryggt að gögnin séu ekki persónugreinanleg (Lichtman, 2013). Í rannsókninni var tilskilinn leyfa aflað; frá rekstraradila leikskólans, leikskólastjóra, foreldrum barnanna, deildarstjórum og leiðbeinendum. Til þess að gæta trúnaðar eru þátttakendum og deildum í leikskólanum gefin dulnefni í greininni.

Þrátt fyrir að foreldrar hefðu veitt leyfi fyrir hönd barna sinna var mikilvægt að vera meðvitaður um rétt barnanna til að tjá óánægju með veru rannsakanda í leikskólanum og bregðast við í samræmi við tjáningu barnanna (Hrönn Pálmadóttir, 2017).

Á töflu 1 má sjá heiti deilda og nöfn deildarstjóra, leiðbeinenda og leikskólakennara sem tóku þátt í viðtölum, fjölda barna á deild, fjölda barna sem áttu báða eða annað foreldri af erlendum uppruna og fjölda barna sem fengu viðbótarstuðning vegna frávika í þroska.

Tafla 1. Deildir, starfsfólk og börn.

Deild	Deildarstjórar	Leiðbeinendur, leikskólakennari – stuðningur	Fjöldi barna á deild	Fjöldi barna af erlendum uppruna á deild	Fjöldi barna með stuðning
Hæð	Sigrún	Karen	11	6	
Dalur	Alda	Alina	9	2	
Hlíð	Kristín	Sæunn, Hjördís/ stuðningur	15	5	2

Viðtölin voru afrituð orðrétt, kóðuð og þemagreind. Þemagreining er sveigjanleg aðferð sem notuð er til að skipuleggja og greina gögn (Braun og Clarke, 2013). Greining gagnanna fór fram í nokkrum þrepum. Svör og umræður viðmælenda voru kóðuð í ljósi rannsóknarspurninganna og leitast var við að kanna þá merkingu sem þátttakendur lögðu í viðfangsefnið sem til rannsóknar var. Vettvangsathuganir voru einnig kóðaðar og þemagreindar og leitað að sams konar þemum og höfðu komið fram í viðtölunum. Að því búnu voru sett saman þemu sem lýsa endurteknum mynstrum innan gagnasafnsins. Við úrvinnslu gagna var lögð áhersla á atriði eða mynstur sem gætu gefið vísbendingar um fleti sem væru mikilvægir í augum þátttakenda eða birtust í vettvangsathugunum.

Meðan á rannsókninni stóð áttu sér stað talsverðar breytingar í starfsmannahaldi á deildunum. Einn deildarstjóranna fór í barnsburðarleyfi og ekki fékkst leikskólakennari í stöðuna. Auk þess tók einn deildarstjóranna að sér stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Í hans stað kom leikskólakennari.

Niðurstöður

Hér á eftir verður gefin innsýn í þá merkingu sem leikskólakennarar og leiðbeinendur lögðu í upphaf leikskólagöngu barna með fjölbreyttan bakgrunn og menningu ásamt þeim leiðum sem farnar voru í leikskólanum í aðlögunarferlinu og til að skapa samfellu í lífi barnanna.

Aðlögunarferlið

Leikskólakennarar lýstu hlutverki sínu í aðlögunarferlinu sem tvíþættu. Annars vegar fólst það í að koma á og viðhalda tilfinningalegum tengslum við foreldra og börn. Hins vegar snerist það um skipulagningu aðlögunar, að halda kynningarfund með foreldrum, hafa yfirsýn í aðlögunarferlinu, ýta undir samstarf innan deilda og miðla þekkingu til samstarfsfólksins. Leiðbeinendur ræddu um virka þátttöku sína í sjálfu aðlögunarferlinu og eftir að formlegri aðlögun lauk. Allir viðmælendur lögðu áherslu á að skipulag aðlögunar ætti að einkennast af sveigjanleika þar sem börn gætu haft áhrif. Einnig var litið svo á að aðlögunarferlið væri sameiginlegt námsferli starfsfólks, foreldra og barna.

Tilfinningaleg tengsl og samskipti

Allir viðmælendur litu svo á að það væri á ábyrgð starfsmanna leikskólans að mynda tengsl og skapa traust foreldra við upphaf leikskólagöngu. Það gæti tekið tilfinningalega á að setja barn sitt í leikskóla og því væri mikilvægt að setja sig í spor foreldra og taka tillit til þess að bakgrunnur og reynsla fjölskyldna væri ólík. Foreldrar með sitt fyrsta barn væru gjarnan óruggir með að láta barn sitt frá sér. Það tæki tíma að skapa traust milli leikskóla og foreldra og starfsfólk þyrfti að leggja sig fram og tileinka sér opin samskipti við foreldra svo þeir myndu að þeim væri óhætt að skilja barnið sitt eftir í leikskólanum.

Fram kom hjá viðmælendum að erlendir foreldrar væru gjarnan í viðkvæmri stöðu þar sem þeir hefðu oft ekki þekkingu eða reynslu af íslenskum leikskólum og hefðu sig því minna í frammi en íslenskir foreldrar. Sólveig leikskólastjóri lagði mikla áherslu á að leikskólinn væri traustvekjandi fyrir alla foreldra. Hún kaus fremur að hringja í foreldra en að senda tölvupóst til að finna heppilegan tíma fyrir fyrsta kynningarfund. Ef um erlendar fjölskyldur væri að ræða væri í samtalinu rætt um að fá túlk á fundinn. Í framhaldi væri túlkur pantaður og helst einnig hálfan fyrsta dag fjölskyldunnar í leikskólanum.

Tungumálið er mikilvægt þegar kemur að samskiptum og brýnt er að leita allra leiða til að koma á tengslum við foreldra. Sigrún, deildarstjóri á Hæð, lýsti því:

Við hikum ekki við að fá túlka. Nýtum líka mannauðinn af því að þetta snýst allt saman um barnið. Snýst um að barninu og fjölskyldunni líði vel hérna hjá okkur. Við erum með pólskumælandi starfsfólk og nýtum það sem við höfum. Við reynum eftir fremsta megni að allir fái sömu upplýsingar og að þau fái það sem þau þurfa.

Margir viðmælendur nefndu að aðlögunin tæki lengri tíma fyrir börn með erlendan bakgrunn en fyrir íslensk börn. Alina, leiðbeinandi á Hæð, sem er sjálf af erlendum uppruna, vísaði í eigin reynslu og sagðist taka eftir að börn og foreldrar af erlendum uppruna ættu oft erfitt með aðlögunina í byrjun. Hún sagði:

Það eru meiri tengsl milli barna og foreldra af erlendum uppruna. Þetta er mynstur, hugsanlega meiri tengsl og þau treysta ekki strax öðru fólki. En smám saman gengur það vel, þegar þau sjá að það er vel hugsað um börnin þeirra.

Alina hélt áfram: „Þegar ég sé þetta þá sýni ég í verki og sinni barninu sérstaklega til þess að öðlast traust foreldranna. Ég vil vera í góðum tengslum við þau.“

Eftir að formlegri aðlögun lýkur reynist kveðjustundin á morgnana erfið fyrir sum börn og foreldra. Lögð var áhersla á að foreldrar kveddu börnin sín en þeir gætu jafnframt treyst starfsfólki til að láta vita um líðan barnsins eftir að þeir færu. Hringt væri í foreldra eða myndir sendar í tölvupósti þegar barnið væri búíð að jafna sig. Í því sambandi væri mikilvægt að myndirnar sýndu barnið þar sem því líði vel og það væri þátttakandi í einhverju skemmtilegu í leikskólanum. Alda deildarstjóri sagði: „Hringjum, sendum myndir, til að þau séu ekki í vinnunni eða heima að hafa áhyggjur.“

Kynningarfundur

Á kynningarfundinum sem venjulega er haldinn með foreldrum hvers barns sem er að byrja í leikskólanum er lagður grunnur að aðlögun og áframhaldandi samstarfi um barnið. Að sögn Sólveigar leikskólastjóra er tilgangur fundarins fyrst og fremst að fá innsýn í líf og reynslu barnanna, svo sem venjur, mataræði, veikindi, svefn og áhugasvið. Þannig er hægt að mæta þörfum fjölskyldunnar betur en ella og skipuleggja aðlögun barnsins í samstarfi við foreldra. Sólveig sagði: „Við erum að vinna með fjölskyldum, ekki aðeins okkar módel og þau verða að passa inn í það – við erum saman í þessu, fjölskyldan og skólinn.“ Í ljósi upplýsinga sem fást á kynningarfundinum er t.d. hægt að tryggja að uppáhaldsleikefni barnsins sé fyrir hendi þegar það byrjar í leikskólanum. Kristín, deildarstjóri á Hlíð, gaf dæmi: „... það var ein sem elskar kisur ... Þá reyndi maður að skoða kisur [myndabók] með henni.“

Stjórnendur töluðu einnig um mikilvægi þess að ræða væntingar foreldra til leikskólans og að veita upplýsingar um sérstöðu íslenskra leikskóla. Erlendir foreldrar þyrftu að fá upplýsingar, t.d. varðandi útivist og fatnað sem börnin klæddust. Stundum þyrfti að benda foreldrum á hvar hægt væri að nálgast slíkan fatnað. Einnig þyrftu foreldrar að fá upplýsingar um að leikskólinn væri bæði mennta- og þjónustustofnun. Sólveig leikskólastjóri sagði að stundum þyrfti „langan tíma í að útskýra hvernig börn læra og hvaða stefna er rekin á Íslandi hvað það varðar.“

Foreldrar eru beðnir að koma með eða senda fáeinar myndir, t.d. af fjölskyldumeðlimum og öðru mikilvægu í umhverfi barnsins heima. Myndirnar eru plastaðar í leikskólanum og settar upp á hring þannig að þær mynda eins konar flettibók. Eftir að formlegri aðlögun lýkur eru flettibækurnar aðgengilegar fyrir börnin meðan þau þarfnast þeirra. Sæunn, leiðbeinandi á Hlíð, sagði: „Þau eru nánast hætt að nota þær í dag en þær voru rosalega mikið notaðar fyrst. Það voru bara sum börn sem voru með þessar bækur allan daginn.“

Á kynningarfundinum fá foreldrar í hendur plagg um þátttöku aðlögun þar sem tilgangi aðlögunar, framkvæmd og hlutverki foreldra er lýst. Jafnframt er lögð áhersla á það við foreldra að plaggji sé til viðmiðunar og ferlið sé metið jafnt og þétt.

Skipulag og sveigjanleiki

Sú leið er farin í leikskólanum að skipta börnum og foreldrum þeirra niður á ákveðna lykilstarfsmenn innan deildanna. Það er venjulega gert eftir kynningarfundinn. Sólveig leikskólastjóri sagði tilganginn með lykilstarfmönnum vera eftirfarandi:

... að mynda bara ákveðið öryggi og fyrstu þrjá mánuðina finnst mér það mjög mikilvægt að barnið nái að mynda tengsl. Eins árs gamalt barn, eða 18 mánaða og þess vegna tveggja ára barn, að það hafi einhvern sem það getur leitað til.

Deildarstjórar deila ábyrgð á fjölskyldum milli starfsmanna og þeir töluðu um mikilvægi góðs samstarfs innan deildar. Upplýsa þyrfti samstarfsfólk, hafa yfirsýn yfir barnahópinn og fylgjast með framvindu aðlögunar. Sigrún, deildarstjóri á Hæð, sagði: „Við útbjuggum hefti um aðlögun fyrir starfsfólk, hvers vegna aðlögun, hvaða leið viljum við fara hér og um lykelpersónu, hvað gerir hún, til að stilla saman strengi.“

Fram kom í máli allra viðmælenda að þrátt fyrir að ákveðið skipulag væri sett upp á deildunum áður en börnin byrjuðu skipti sveigjanleiki öllu máli og samstarf milli leikskóla og fjölskyldu væri aðalatriðið. Hvert barn væri einstakt og aðlögunin ætti að mótast af vellíðan barnsins í leikskólanum. Það gæti t.d. verið erfitt að ákveða fyrir fram og gefa sér að barnið tengdist þessum ákveðna lykilstarfsmanni sem valinn væri af deildarstjóra. Sæunn, leiðbeinandi á Hlíð, lýsti því hvernig börnin gætu haft áhrif á fyrir fram ákveðið skipulag: „Það var held ég bara Jón sem átti svona erfiða aðlögun, ég átti að vera lykelpersónan hans en hann leitaði miklu meira til Stefaníu þannig að við skiptum.“

Flestir viðmælendur voru ánægðir með þær leiðir sem farnar voru í aðlögunarferlinu. Sólveig leikskólastjóri hafði velt fyrir sér hvernig þátttökuaðlögun reyndist fyrir erlenda foreldra:

... örugg, er að koma ný til landsins og því meira sem íslenski foreldrahópurinn er opin þá getur hún lent til hliðar. Ég hef oft hugsað það að þau komi bara ein í rólegheitum þar sem ekki er verið að sinna þremur öðrum börnum, heldur þá er maður á mann í þessari aðlögun með túlkinum. Þannig hef ég oft hugsað það, hvort við hérna ættum að spá í það.

Kristín, deildarstjóri á Hlíð, lýsti fyrirkomulagi á þátttökuaðlögun á sinni deild: „Börnin voru tekin inn í þremur hópum. Þá er hvert barn búið að fá sína tengslapersónu sem er með þeim í matartíma, hvíld og könnunarleik.“ Hins vegar sagði Alda, deildarstjóri á Dal, að það hefði ekki verið auðvelt að koma við þátttökuaðlögun og lykelpersónu fyrir hverja fjölskyldu á deildinni um haustið. Sökum manneklu hefðu ekki verið tók á að halda kynningarfundum með foreldrum hvers og eins barns í leikskólanum. Börnin hefðu því byrjað öll í einu eftir einn almennan kynningarfund fyrir foreldra. Allt of margir hefðu því verið í aðlögun á sama tíma og erfitt að sinna hverri og einni fjölskyldu. Hún lýsti reynslu sinni:

Þannig kom t.d. ekki í ljós fyrr en eitt barn var búið að vera hjá mér í hálfan mánuð að hann hafði aldrei verið hjá dagmömmu og hafði hætt á brjósti 10 dögum áður en hann byrjaði í leikskóla.

Eftir fund með foreldrum var sett upp ferli sem byggðist á að stytta veru barnsins í leikskólanum og styrkja tengsl og traust milli foreldra og deildarstjóra.

Í máli allra viðmælenda kom fram að til að tryggja vellíðan barna í aðlögunarferlinu og draga úr álagi á starfsfólk þyrfti að deila hópnum niður í fámenna hópa í inntöku í leikskólann. Ef vel ætti að vera þyrfti að líða allt að þrjár vikur á milli inntöku nýrra hópa. Mikilvægt væri að hafa náð að skapa þeim börnum sem fyrir væru á deildinni tilfinningalegt öryggi þegar nýir barnahópar byrjuðu.

Breytingar í starfsmannahaldi, sem áttu sér stað þegar líða tók á haustið, höfðu áhrif á aðlögunarferli og vellíðan fáeinna barna. Börnin áttu þá í meiri erfiðleikum en ella með að kveðja foreldra sína. Mikilvægt hefði verið að bregðast við þessu og veita börnunum meiri einstaklingsumhyggju og tengsl við þá starfsmenn sem voru eftir á deildinni, en það hefði aftur á móti skapað aukið álag á þá starfsmenn.

Sameiginlegt námsferli

Í hugum starfsmanna var þátttökuaðlögun sameiginlegt námsferli barna, foreldra og starfsmanna. Ferlið tekur langan tíma og haft var á orði að aðlögun væri í raun meginstefið í því sem ætti sér stað í leikskólanum fram að áramótum. Sigrún, deildarstjóri á Hæð, lýsti aðlöguninni sem fjölskylduadlögun þar sem börn og foreldrar væru saman að læra á leikskólalífið og öryggi barna og foreldra væri samofið. Kosturinn við aðlögunina væri einnig sá að starfsfólki gæfist tækifæri til að kynnast foreldrum og læra af þeim. Þannig væri leitast við að virða þekkingu foreldra á barninu. Sæunn, leiðbeinandi á Hlíð, tók undir þessi viðhorf og sagði: „Gott að hafa foreldra með í aðlögun, þeir gátu séð hvernig starfið fer fram og þeir voru öruggir sem er ekki síður mikilvægt svo börnin verði örugg. Þeir gátu kynnst okkur og við gátum kynnst foreldrum.“

Fyrstu dagana með foreldrunum sagðist Sigrún, deildarstjóri á Hæð, leggja áherslu á það við foreldra að „... bara leyfa börnunum að verða örugg hér, að vera ekki að ýta þeim stöðugt frá sér, farðu núna og leiktu við þetta, heldur leyfa þeim að skoða og kanna og sjá ný andlit í öruggum faðmi.“ Eftirfarandi lýsing úr vettvangsnótum sýnir hvernig börnin kanna leikskólaumhverfið með foreldra sína í bakgrunni á fyrsta degi aðlögunar:

Fimm börn og foreldrar þeirra eru í aðlögun. Foreldrar sitja ýmist á dýnu eða á lágum stólum. Smám saman fóru börnin að færa sig frá foreldrum og skoða ýmis leikföng, dýr og kubba en mörg þeirra skruppu í fang öðru hverju. Tvær stelpur struku hvor annarri vinalega. Stelpa af erlendum uppruna fór mjög hægt í sakirnar og horfði rannsakandi í kringum sig en foreldrarnir fylgdust vel með en ýttu ekki á hana (Vettvangsnótur í september 2018).

Allir viðmælendur nefndu hvíld sem viðkvæma stund í aðlögunarferlinu. Á fjórða og síðasta degi aðlögunar er stefnt að því að foreldrar taki virkan þátt í að láta börn sín leggjast og hvíla sig. Foreldrar efast gjarnan um að börn þeirra sofni í þeim aðstæðum sem þeim er boðið upp á í leikskólanum, en börnin liggja þétt saman á lágu fleti, sem er mjög ólíkt aðstæðum heima fyrir. Hjördís, leikskólakennari á Hlíð, sem hafði ekki upplifað þátttöku aðlögun áður, sagði:

Við nýttum það sérstaklega, eins og með hvíldina, að hafa foreldrana inni í hvíldinni og sjá hvernig þau gera. Allt öðruvísi svona hvíldaraðlögun heldur en ég hef verið vön frá því áður ... það voru þarna nokkur börn sem sofnuðu ekki í hvíldinni með foreldrum sínum og þau voru bara ljúfust sem lömb, sofnuðu strax hjá okkur.

Samstarf starfsfólks innan deilda og milli deilda var stjórnendum hugleikið, svo og mikilvægi þess að finna leiðir til að þróa starfshætti með yngstu börnunum. Kristín, deildarstjóri á Hlíð, sagði frá því að starfsmenn deildarinnar hefðu ígrundað í sameiningu hvernig til hefði tekist í aðlögunarferlinu og með tengsl þeirra við börnin. Niðurstaðan var sú að lykilstarfsmenn fóru að flytja sig á milli borða í matartíma á hálfsmánaðarfresti. Hún sagði:

Við vildum fá betri yfirsýn og fara meira á milli hópa, en gera það ekki fyrr en þau væru orðin frekar örugg í aðstæðum og ákváðum að byrja þetta núna, þegar fyrsti hópurinn var búinn að vera í þrjá mánuði.

Hjördís leikskólakennari var sammála Kristínu um að börnin hefðu verið tilbúin og tekið breytingunum vel, en aðeins eitt barn hefði þurft stuðning við að venjast þessu.

Samfella milli heimilis og leikskóla

Niðurstöður sýna að litið var svo á að eftir að formlegri aðlögun lyki væri það áfram hlutverk leikskólans að viðhalda tengslum og samfelli milli leikskóla og heimilis barnanna. Leikskólinn yrði að viðurkenna og endurspeglar ólíkan bakgrunn og menningu barnanna. Leita þyrfti leiða til að allir foreldrar upplifðu þátttöku og að tilheyra daglegu lífi og námi barna sinna í leikskólanum.

Að taka þátt og tilheyra

Dagleg samskipti við foreldra voru talin mikilvæg til þess að styrkja tengsl milli leikskóla og fjölskyldna og veita þeim innsýn í líf barnsins í leikskólanum.

Hjördís leikskólakennari orðaði það svo: „Mér finnst það vera í okkar höndum að eiga frumkvæðið þannig að ef við gerum það þá finnst mér foreldrar oftast vera tilbúnir til þess einmitt að koma, og tala meira við okkur.“ Mikilvægt væri að segja foreldrum frá framförum barna þeirra. Guðrún, leiðbeinandi á Dal, sagði: „Ég lét bara vita hvort það sé eitthvað lag sem honum finnst rosalega gaman að hlusta á eða syngja. Þegar maður uppgötvar eitthvað nýtt um barnið þá alveg hiklaust lét ég vita.“

Í máli viðmælenda kom fram að leikskólinn yrði að viðurkenna og endurspeglar margbreytileikann og ólík tungumál barnanna. Foreldrar og börn af erlendum uppruna þyrftu jafnt og aðrir að finna að þau væru þátttakendur og tilheyrðu leikskólanum. Það væri því í höndum starfsfólks að finna leiðir til að nálgast foreldrana og gefa þeim innsýn í starfið. Lögð væri áhersla á myndrænar upplýsingar til að leiðbeina og upplýsa foreldra af erlendum uppruna um viðburði í leikskólanum.

Jafnframt þyrfti að virða heimamál fjölskyldnanna í leikskólanum. Í þeim tilgangi voru foreldrar barnanna sem voru með annað tungumál en íslensku beðnir að skrifa orð til að merkja ýmsa staði innan leikskólans, svo sem skrifstofu, salerni og leikherbergi.

Samskiptabækur sem fara á milli leikskóla og heimilis eru gjarnan notaðar þegar um erlend börn er að ræða. Einnig er þetta gert ef sérstök ástæða þykir til að ýta undir vellíðan barnanna. Samskiptabækurnar eru sendar á milli skóla og heimilis og settar inn myndir af athöfnum barnsins með stuttum texta, gjarnan á íslensku og ensku. Foreldrar voru hvattir til að skoða og tala um myndirnar við börnin og jafnframt setja í bókina myndir af atburðum heima fyrir. Kostir þessa samskiptamáta komu glögglega í ljós þegar telpu af erlendum uppruna hafði verið úthlutað lykilstarfsmanni sem einnig var af erlendum uppruna. Barnið sýndi fljótlega sterk merki um hræðslu og tjáði móðir hennar deildarstjóra, með aðstoð túlks, að telpan hefði ekki séð dökka manneskju áður. Í framhaldi var ákveðið að setja inn myndir í samskiptabókina þar sem telpan og starfsmaðurinn voru saman í ýmsum ánægjulegum aðstæðum í leikskólanum, t.d. við matarborð og að mála saman. Bókin fór á milli leikskóla og heimilis og gafst foreldrum tækifæri til að skoða hana og ræða við barnið. Smám saman dró úr hræðslu telpunnar og hún tengdist lykilstarfsmanninum.

Dáttakendur voru sammála um að hægt væri að merkja það þegar börn og foreldrar upplifðu að þau væru þátttakendur í leikskólanum. Jafnvel mætti líta svo á að aðlögun væri lokið þegar foreldrar væru farnir að veita hlutdeild í lífi sínu og deila sögum að heiman með starfsfólki. Einnig væri það merki um þetta þegar foreldrar segðu frá breytingum sem yrðu á högum fjölskyldunnar. Þá hefði myndast traust og börn og foreldrar gæfu til kynna að leikskólinn væri hluti af tilveru þeirra. Þetta sæist t.d. þegar börnin kæmu á morgnana og sýndu með líkamstjáníngu að þau væru glöð og ánægð. Sigrún deildarstjóri sagði:

Þegar það er komin þessi gagnkvæma ánægja að hittast. Komið þetta flæði á milli, foreldrar eru að segja „það var yndislegt um helgina, við gerðum þetta og þetta“. Börnin eru að koma svona inn sátta og hérna, þó svo, jú, stundum þarf maður knús og svoleiðis, maður hættir því ekki.

Þegar leið á haustið fékk hvert barn á deildunum sína skráningarbók þar sem tilgangurinn var að skrá og sýna með markvissum hætti námsferli barnanna í myndum og máli. Foreldrar voru hvattir til að nýta sér þetta til að setja inn lýsingar í bókina á því sem börnin og fjölskyldan tækju sér fyrir hendur heima. Þátttaka foreldra hafði verið misjöfn og í raun höfðu fremur fáir foreldrar nýtt sér þennan möguleika.

Öflugir námsmenn

Nokkrir viðmælendur sem höfðu haft litla reynslu af starfi með ungum börnum áður greindu frá hvernig viðhorf til getu barnanna breyttust. Sigrún deildarstjóri lýsti sinni reynslu:

Þau eru svo þrautseig, endalaust að reyna aftur og aftur ... þau eru svo miklu hæfari en margir gera ráð fyrir og þar á meðal ég á þeim tíma. Þau eru svo móttækileg, þau eru svo áhugasöm, þau vilja læra og vilja gera.

Þegar leið á haustið beindist starf deildarstjóranna æ meir að því að skipuleggja námsumhverfi barnanna í ljósi þess hver barnahópurinn var og hvert áhugi barnanna beindist. Á hverjum degi voru svokallaðar flæðistundir þar sem börnin gátu farið á milli mismunandi svæða á deildinni þar sem ólík viðfangsefni voru á boðstólum. Starfsfólkið skipti sér niður á svæðin og studdi börnin í samskiptum og leik. Í vettvangsnótum má sjá dæmi um hvernig börnin nýttu sér flæðistund og stuðning kennara.

Tvö börn, með málningarsvuntur, stóðu við borð og máluðu köngla með gulri málningu. Nokkur börn horfðu áhugasöm á. Kennari aðstoðaði börnin. Einingakubbar voru á mottu á gólfinu og þar sat annar kennari. Börnin fóru þangað eftir að hafa horft á málarana í smástund. Kennarinn raðaði kubbum upp og börnin gerðu eins, hún talaði líka í símann við börnin og notaði kubb til þess. Á ganginum var ýmislegt í boði til hreyfingar, svo sem boltar og trévagn, og þar var einn kennari. Í byrjun voru þar engin börn en svo komu börnin þangað eitt og eitt (Vettvangsnótur í febrúar 2019).

Að mati allra viðmælenda höfðu börnin lært mikið og tekið framförum þá mánuði sem þau höfðu verið í leikskólanum. Öryggi þeirra, tengsl og vinátta hafði eflst mikið. Alina sagði: „Þau eiga orðið í vinasamböndum við hvert annað og líka við eldri börnin.“ Guðrún tók undir og bætti við:

Mér finnst svo gaman að sjá. Þau byrjuðu svo ung og svo gaman að fylgjast með stóru krökkunum að hjálpa litlu krökkunum. Litlu krakkarnir að elta stóru krakkana. Mjög skemmtileg dýnamík.

Umræða og lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á að upphaf leikskólagöngu snertir marga fleti leikskólastarfsins. Rannsóknin gefur innsýn í reynslu starfsmanna og viðhorf þeirra til fjölskyldna með fjölbreyttan bakgrunn og menningu. Auk þess koma fram viðhorf til hæfni og getu ungra barna og starfshættir sem taldir eru ákjósanlegir til að skapa samfellu í lífi barnanna. Áherslur í aðlögunarferlinu endurspeglar heildræna sýn á fjölskylduna þar sem litið er á öryggi og vellíðan foreldra og barna sem samtvinnuðan þátt.

Í niðurstöðum birtist skýr greinarmunur á hlutverki faglegra stjórnenda leikskólans og leiðbeinenda á deildum við upphaf leikskólagöngu. Stjórnendur, þ.e. leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar, sáu um undirbúning og skipulagningu aðlögunar. Jafnframt var það þeirra hlutverk að upplýsa starfsfólk um tilgang þeirra leiða sem valdar voru við upphaf leikskólagöngunnar. Einnig snerist faglegt hlutverk stjórnenda um að mynda tengsl við börn og foreldra og hafa yfirsýn yfir framgang aðlögunarferlisins á deildunum. Þetta er í samræmi við rannsókn Hostettler Schärer (2018) þar sem leikskólakennarar túlkuðu faglegt hlutverk sitt með svipuðum hætti.

Þátttökuaðlögun var talin reynast vel sem sameiginlegt námsferli foreldra, barna og leikskólastarfsfólks. Hins vegar komu fram vísbendingar þess efnis að foreldrar sem ekki hefðu tök á íslensku ættu frekar í erfiðleikum með þátttöku og að börn af erlendum uppruna upplifðu í mörgum tilvikum erfiðari aðlögun en börn íslenskra foreldra. Margetts (2014) bendir á að því meiri breytingar sem fjölskyldan þarf að takast á við í upphafi leikskólagöngu, þeim mun erfiðari getur umbreytingin orðið. Þetta er einnig í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að foreldrar af erlendum uppruna upplifa jafnarsetningu gagnvart ríkjandi menningu leikskóla (Chan og Ritchie, 2016) og að tungumálaerfiðleikar geti hindrað samskipti (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Hedlin, 2017). Sjónarmið allra foreldra og þekking þeirra á barninu eru mikilvægur grunnur samstarfsins og stuðla að áhrifum þeirra á leikskólastarfið. Í ljósi þess að tilgangur þátttöku aðlögunar er ekki síst sá að reynsla foreldra skapi öryggi sem hafi áhrif á börnin og aðlögun þeirra (Kristín Dýrfjörð, 2009) þarf að tryggja að menningar- og félagslegt samhengi fjölskyldna sé lagt til grundvallar í skipulagi aðlögunarferlisins. Í skýrslu OECD (2017) er bent á að samstarf við foreldra sé mikilvægur þáttur gæðastarfs í leikskólum og það sé réttur allra foreldra að hafa eitthvað um nám barna sinna að segja. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vert sé að skoða enn frekar samsetningu fjölskyldna og fjölda barna sem eru í aðlögun samtímis, auk þess að tíminn sem líður milli þess að hópar eru teknir inn í leikskólann sé nægur.

Í rannsókninni kom fram að allir þátttakendur lögðu áherslu á ábyrgð sína á að skapa tilfinningaleg tengsl við foreldra og börn. Sveigjanleiki og opin samskipti voru talin lykilatriði í að tryggja

velliðan þeirra. Sveigjanleiki var einnig talinn mikilvægur gagnvart börnunum. Litið var á börnin sem öfluga námsmenn sem hefðu áhrif á daglegt líf sitt í leikskólanum. Þannig gátu börnin t.d. haft áhrif á val á lykilmáttum ef þeim hugnaðist svo, þrátt fyrir að annað hefði verið ákveðið upphaflega. Það rímar við bernskurannsóknir þar sem bent er á að börn séu mikils megnug og skapandi (Dahlberg og Moss, 2005; Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Elfer, 2006, 2012; Traum og Moran, 2016) þar sem bent er á að tilfinningaleg tengsl, félagsleg samskipti og einstaklingsmiðun þurfi að fara saman í upphafi leikskólagöngu.

Við skipulagningu á námsumhverfi og námsreynslu barnanna var áhersla lögð á að byggja á áhuga þeirra og að börn lærðu hvert af öðru í leikskólanum. Þetta rímar við hugmyndir sem fram koma í rannsóknum á þáttaskilum milli leik- og grunnskóla, þar sem lögð er áhersla á samfellu í reynslu barna og að námsumhverfi og námskrá eigi að byggjast á fjölbreyttum áhuga þeirra (Dockett og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; ETC, 2011). Litið var á framfarir barnanna í námi sem vettvangur fyrir miðlun til foreldra og til að skapa menningarlega samfellu milli leikskóla og heimilis. Þar má nefna flettibækur, samskiptabækur og skráningar á námi barnanna í máli og myndum, merkingar á svæðum í leikskólanum á tungumáli barnanna og notkun tulkþjónustu. Auk þess voru erlendir starfsmenn nýttir sem þátttakendur í upplýsingamiðlun til foreldra. Hins vegar er ljóst að dagleg miðlun og samskipti við fjölskyldur af erlendum uppruna geta verið flókin. Að viðhalda tengslum við foreldra er samfelld ferli sem lýkur ekki þegar formlegri aðlögun er lokið. Rannsóknin sýnir að það er fagleg áskorun fyrir leikskóla að þróa frá upphafi leikskólagöngu starfshætti sem ýta undir menningarlega samfellu í lífi barna ásamt að stuðla að því að allar fjölskyldur upplifi sig sem þátttakendur og að þær tilheyri nýja umhverfinu.

Það er alvarlegt umhugsunarefni að ytri þættir, svo sem erfiðleikar við að ráða inn leikskólakennara eða annað hæft starfsfólk að hausti og skortur á stöðugleika í starfsmannahaldi, höfðu áhrif á aðlögun og vellíðan sumra barna og foreldra fyrstu mánuði barnanna í leikskólanum. Aðstæðurnar leiddu til þess að skipulag og faglegar ákvarðanir stjórnenda um framkvæmd aðlögunar, t.d. að allir foreldrar fengju lykilstarfsmann sem sinnti þeim sérstaklega, sem og þátttökuaðlögun, náðu ekki fram að ganga á öllum deildum. Einnig sköpuðu þessar aðstæður mikið álag á það starfsfólk sem eftir var á deildunum. Það gefur auga leið að slíkar aðstæður hafa áhrif á gæði í leikskólastarfi og draga úr líkum á að leikskólinn geti af fagmennsku tekist á við mikilvæg verkefni og komið til móts við þau áform sem stjórnvöld landsins hafa um inntöku ungra barna í leikskóla.

Rannsóknin var styrkt af rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Educators' views on transition from home to preschool

The aim of the article is to shed light on the attitudes and experiences of educators in a preschool in Reykjavík, in collaboration with parents and children with diverse backgrounds and cultures, in the transition to preschool. The purpose is to understand the meaning of this aspect of the work and thus add to existing knowledge. The ideological foundation of the study is largely drawn from scholars who have studied the changes that occur when children begin compulsory schooling. Although the research mainly focuses on the beginning of primary schooling, it can be argued that many of the same factors also apply to the onset of preschool for young children. Children are considered to be powerful and creative, and the learning environment and curriculum should be based on children's interests and circumstances and take into account that they are different (Dockett & Einarsdóttir, 2017; Dunlop, 2017; Educational Transitions and Change Research group, 2011). Thus, continuity in children's lives should allow for the experience of the children's homes in their transition to preschool (Margetts, 2002). The changes are characterized by a complex process in which the concepts of transition and adaptation are intertwined. The process of adaptation begins at home and continues until the child and his or her family experience themselves as participants and belong to the new environment (Margetts, 2014). The child is moving from one environment to another, from home or day-care to a new place: the preschool. The process is considered to be an integrated learning experience for children, parents and preschool teachers (Drugli & Undheim, 2011). The article aims to answer two questions:

- What are the views of educators working with children with diverse backgrounds and cultures in the transition to preschool?
- How is the preschool emphasizing the continuity of the children's lives?

The preschool that participated in the study has extensive experience in working with families of foreign origin. Children under the age of two started in three units in the fall. Five individual interviews were conducted with the unit leaders. Interviews with two of them were carried out in August, before the children's transition to preschool. The second phase of interviews took place when most of the children had been in the preschool for two to three months. Interviews were also conducted with the preschool principal and the acting assistant principal. All the interviews were semi-structured (Kvale & Brinkmann, 2009). Two focus group interviews were conducted; on the one hand, with the personnel who worked with the children, and, on the other, with one of the unit leaders and a preschool teacher who supported a child in one of the groups. In focus group interviews, it is not assumed that people agree but that within-group communication influences participants' thoughts and ideas (Lichtman, 2013; Litoselliti, 2003). Observations were made at the beginning of the children's start in the preschool, where the focus was mainly on communication between parents, children and staff. Observations were also made when some time had passed since the children started. The formal analysis process was inspired by thematic analysis. Thematic analysis, according to Braun and Clarke (2013), is a flexible method of organising and analysing data to identify and describe repeated patterns or themes within a set.

The findings revealed that professionals described their role in the transition process as twofold. Establishing and maintaining emotional relationships with parents and children was important. Furthermore, having an overview, fostering collaboration within the units and disseminating knowledge to colleagues was also essential. Other staff working with children discussed active participation in the transition process

and maintaining relationships with the children's parents after the formal transition was completed. Parental participation in the transition process was considered to be successful as a joint learning process for parents, children and preschool staff. However, there were indications that parents who did not speak Icelandic had difficulties in participating. Also, that children of foreign origin in many cases experienced a more difficult transition than children of Icelandic parents. The study shows that it is a professional challenge for preschool educators to develop, from the beginning, a pedagogical approach that contributes to all families experiencing themselves as participants and belonging to the new environment.

Key words: Preschool, transition, educators, diverse background and culture

Um höfund

Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntunarfræði ungra barna frá Háskóla Íslands árið 2015. Helstu áherslusvið í rannsóknum eru sjónarhorn yngstu leikskólubarnanna á samskipti og leik ásamt upphafi leikskólagöngu fjölbreytts hóps barna. Hrönn hefur tekið þátt í bæði norrænum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum um margvíslegar áskoranir í daglegu lífi barna í leikskólum.

About the author

Dr. Hrönn Pálmadóttir (hropalm@hi.is) is an Associate Professor of Early Childhood Education and Care at the School of Education, University of Iceland. She has broad experience in the field of early childhood education and early childhood teacher education. The main focus in her current research is the youngest children's perspectives on their preschool experiences and transition from home to preschool. Pálmadóttir has been involved both in Nordic and international research projects on various issues and challenges to children's everyday lives in preschools.

Heimildir

- Alvestad, T., Bergem, H., Eide, B., Johansson, J.-E., Os, E., Pálmadóttir, H., ... Winger, N. (2013). Challenges and dilemmas expressed by teachers working in toddler groups in the Nordic countries. *Early Child Development and Care*, 184(5), 671–678. doi:10.1080/03004430.2013.807607
- Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013). Foreldrasamstarf og fjölmennning. Samskipti deildarstjóra við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>
- Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma: Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda. *Sérrit Netlu 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf
- Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum. *Sérrit Netlu 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/004.pdf
- Belsky, J. (2009). Early day care and infant-mother attachment security. *Encyclopedia on early childhood development*. Sótt af <http://enfant-encycopedie.com/Pages/PDF/BelskyANGxp-Attachment.pdf>
- Berns, R. (2007). *Child, family, school, community: Socialization and support*. Belmont: Thomson/Wadsworth.

- Björnestad, E. og Pramling Samuelsson, I. (2012). *Hva betyr livet i barnehagen for barn under 3 år? En forskningsoversigt*. Oslo: Høgskolen i Oslo og Akershus.
- Bohlin, G., Hagekull, B. og Anderson, K. (2005). Behavioural inhibition as a precursor of peer social competence in early school age: The interplay with attachment and non-parental care. *Journal of Developmental Psychology*, 51(1), 1–19.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss: Vol. 1. Attachment*. New York: Basic Books.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. Los Angeles: Sage.
- Broberg, M. (2017). Betydelsen av inskolning och trygghet för de yngsta barnen i förskolan. Í I. Pramling-Samuelsson og A. Jonsson (ritstjórar), *Förskolans yngsta barn – perspektiv på omsorg, lärande och lek* (bls. 33–54). Stockholm: Liber AB.
- Brooker, L. (2010). Constructing the triangle of care: Power and professionalism in practitioner / parent relationships. *British Journal of Educational Studies*, 58(2), 181–196. doi:10.1080/00071003752203
- Chan, A. og Ritchie, J. (2016). Parents, participation, partnership: Problematising New Zealand early childhood education. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 17(3), 289–303. doi:10.1177/1463949116660954
- Clare, A. (2012). *Creating a learning environment for babies and toddlers*. Los Angeles: Sage.
- Dahlberg, G. og Moss, P. (2005). *Ethics and politics in early childhood education*. London: Routledge Falmer.
- Dalli, C. (2002). From home to childcare center: Challenges for mothers, teachers and children. Í A.-W. Dunlop og H. Fabien (ritstjórar), *Transition in the early years: Debating continuity and progression for children in early education* (bls. 38–51). London: Routledge.
- Dalli, C., White, E. J., Rockel, J. og Duhn, I. (2011). *Quality early childhood education for under-two-year-olds: What should it look like? A literature review. Report for the Ministry of Education*. Wellington: Ministry of Education, New Zealand.
- Dockett, S. og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Continuity and change as children start school. Í N. Ballam, B. Perry og A. Garpelin (ritstjórar), *Pedagogies of educational transitions. European and Antipodean research* (bls. 133–150). Switzerland: Springer.
- Drugli, M. B. og Undheim, A. M. (2011). Partnership between parents and caregivers of young children in full-time daycare. *Child Care in Practice*, 18(1), 51–65. doi:10.1080/13575279.2011.621887
- Dunlop, A.-W. (2017). Transitions as a tool for change. Í N. Ballam, B. Perry og A. Garpelin (ritstjórar), *Pedagogies of educational transitions. European and Antipodean research* (bls. 257–273). Switzerland: Springer.
- Educational Transitions and Change Research Group [ETC]. (2011). *Transition to school. Position statement*. Albury-Wodonga: Research Institute for Professional Practice, Learning and Education, Charles Sturt University.
- Elfer, P. (2006). Exploring children's expressions of attachment in nursery. *European Early Childhood Research Journal*, 14(2), 81–95. doi: 10.1080/13502930285209931
- Elfer, P. (2012). Emotion in nursery work: Work discussion as a model of critical professional reflection. *Early Years: An International Research Journal*, 32(2), 129–141. doi:10.1080/09575146.2012.697877
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Leikskólastig*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/leikskolastig/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 249–271). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken, Germany: VDM Verlag.
- Hedlin, M. (2017). They only see their own child: An interview study of preschool teachers' perceptions about parents. *Early Child Development and Care*, 189(11), 85–95. doi:10.1080/03004430.2017.1412955
- Hostettler Schäerer, J. (2018). How educators define their role: Building 'professional' relationships with children and parents during transition to childcare: A case study. *European Early Childhood Education Research Journal*, 26(3), 1–12. doi: 10.1080/1350293X.2018.1442041
- Hrónn Pálmadóttir. (2017). Gildi í samskiptum og leik ungra leikskólabarna. *Sérrit Netlu 2017 – Innsýn í leikskólafarfar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/003.pdf

- Johansen, B. (2009). Forskolelærere om barns oppholdstid i barnehagen. *Nordisk Barnehageforskning*, 2(3), 99–113.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknnum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–27). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kihlbom, M., Lidholt, B. og Niss, G. (2009). *Förskola för de allra minsta på gott och ont*. Stockholm: Carlsson.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þátttökuaðlögun – nýtt aðlögunarform í leikskóla. *Rannsóknir í félagsvísindum X, Þjóðarspegi*, 681–690. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews. Learning the craft of qualitative research interviewing*. Los Angeles: Sage.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education. A user's guide*. USA: Sage.
- Litoselliti, L. (2003). *Using focus groups in research*. London: Continuum.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>
- Lög um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum 2019. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/150/s/0829.html>
- Lökken, I. M., Bjørnstad, E., Broekhuizen, M. L. og Moser, T. (2018). The relationship between structural factors and interaction quality in Norwegian ECEC for toddlers. *International Journal of Child Care and Education Policy* 2(9), 3–15. doi: 10.1186/s40723-018-0048-z
- Margetts, K. (2002). Planning transition programmes. Í H. Fabian og A.-W. Dunlop (ritstjórar), *Transitions in the early years. Debating continuity and progression for children in early education* (bls. 111–134). London: Routledge Falmer.
- Margetts, K. (2014). Transition and adjustment to school. Í B. Perry, S. Dockett og A. Petriwskyj (ritstjórar), *Transitions to school: International research, policy and practice* (bls. 75–85). Dordrecht: Springer.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi*. Reykjavík: Höfundur.
- NICHD Early Child Care Research Network. (2003). Does amount of time spent in child care predict socioemotional adjustment during the transition to kindergarten? *Child Development*, 74(4), 976–1005.
- NICHD Early Child Care Research Network. (2006). Child-care effect sizes for the NICHD study of early child care and youth development. *American Psychologist*, 61(2), 99–116.
- Nieto, S. og Bode, P. (2010). School reform and student learning: A multicultural perspective. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (bls. 395–415). Hoboken: Wiley.
- Nutbrown, C. (2011). *Key concepts in early childhood education and care* (2. útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Nutbrown, C. og Page, J. (2008). *Working with babies and children from birth to three*. London: Sage.
- OECD. (2017). *Starting strong V: Transitions from early childhood education and care to primary education*. doi:10.1787/9789264276253-en
- Reykjavíkurborg. (2010). *Allir með en enginn eins. Fjölmennungur í leikskóla. Aðlögun*. Sótt af <https://reykjavik.is/allir-med/adlogun>
- Reykjavíkurborg. (2011). *Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefing_efni/handbokumforeldrasamstarf_0.pdf
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Souto-Manning, M. (2013). *Multicultural teaching in the early childhood classroom, approaches, strategies and tools, preschool-2nd grade*. Washington DC: Teachers College Press.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sylva, K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. (2011). Preschool quality and educational outcomes at age 11: Low quality has little benefit. *Journal of Early Childhood Research*, 9(2), 109–124. doi: 10.1177/1476718X10387900

- Traum, L. C. og Moran, M. J. (2016). Parents' and teachers' reflections on the process of daily transitions in an infant and toddler laboratory school. *Journal of Early Childhood Teacher Education*, 37(4), 331–350. doi: 10.1080/10901027.2016.1241967
- Trevarthen, C. (2018). What young children give to our learning. Í C. Trevarthen, J. Delafield-Butt og A.-W. Dunlop (ritstjórar), *The child's curriculum. Working with the natural values of young children* (bls. 13–38). Oxford: Oxford University Press.
- Undheim, A. M. og Drugli, M. B. (2012). Experiences with full-time care attendance on young children in Norway: Parents' and early childhood teachers' views. *International Research in Early Childhood Education*, 3(1), 1–16. Sótt af <http://kliniskpedagogikk.no/wp-content/uploads/2015/12/2012-Undheim-Drugli-Sliten-i-BH.pdf>
- Velferðarráðuneytið. (2016). *Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum. Tillögur starfshóps*. Sótt af www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf
- Vuorinen, T., Sandberg, A., Sheridan, S. og Williams, P. (2014). Preschool teachers' views on competence in the context of home and preschool collaboration. *Early Child Development and Care*, 184(1), 149–159. doi: 10.1080/03004430.2013.773992
- White, E. J., Rutanen, N., Marwick, H., Souza Amorim, K., Karagiannidou, E. og Herold, L. K. M. (2020). Expectations and emotions concerning infant transitions to ECEC: International dialogues with parents and teachers. *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(3). Sótt af <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/1350293X.2020.1755495>
- Zachrisen, B. (2017). Kultursensitiv omsorg i barnehagen. *Barn*, (2-3), 105–119.



Hrönn Pálmadóttir (2020).

Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til upphafs leikskólagöngu.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/03>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2020.3>